

Nd.

21. Frumvarp til laga

[21. mál]

um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Kjartansson, Halldór E. Sigurðsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

I. KAFLI

Um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni sjö manna Byggðajafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara.

3. gr.

Byggðajafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftari, ef þörf krefur.

4. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur safna efni til skýrslugerðar og gera ársskýrslur um þau efni, er henni þykja máli skipta í sambandi við starfssvið sitt, svo og áætlanir samkv. 7. gr. Hún stjórnar Byggðajafnvægisjóði ríkisins og ráðstafar eignar- og umráðafé hans samkv. II. kafla þessara laga. Nefndinni er heimilt að ráða menn til starfa um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem nauðsyn krefur og með samþykki ríkisstjórnarinnar, og að semja við aðrar opinberar stofnanir um að leysa tiltekin áætlunarverk af hendi. Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiðist að hálfu úr Byggðajafnvægisjóði.

5. gr.

Stofnun sú og starfsemi, er Byggðajafnvægisnefnd veitir forstöðu, nefnist: Byggðajafnvægisstofnun ríkisins.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef Byggðajafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 4. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum eða landshlutum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri, eða samband sveitarfélaga. Lán og framlög úr Byggðajafnvægisjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI

Um Byggðajafnvægisjóð ríkisins o. fl.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggðajafnvægisjóður ríkisins, undir stjórn Byggðajafnvægisnefndar.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Stofnfé Atvinnuöfnunarsjóðs samkv. a-, c- og d-lið 2. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnuöfnunarsjóð.
2. Aðrar eignir Atvinnuöfnunarsjóðs.

Hlutverk Byggðajafnvægisjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdasjóður Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum Byggðajafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdasjóðs annast endurskoðun reikninga Byggðajafnvægisjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, og skuldabréf vegna lána úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi.

9. gr.

Tekjur Byggðajafnvægisjóðs eru:

1. 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1971, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1971.
2. Skattgjald samkv. a-lið 3. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnuöfnunarsjóð, enda haldi ákvæði þeirrar lagagreinar um skattgjaldið og skiptingu þess gildi sínu.
3. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr Byggðajafnvægisjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp eða stuðla að því, að komið verði upp íbúðum, til viðbótar lánnum, sem aðrar lánastofnanir veita út á sömu íbúðir. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fimm nefndarmenn samþykkja.

12. gr.

Byggðajafnvægisnefnd er heimilt að afla sjóðnum lánsfjár til starfsemi sinnar, allt að 250 millj. kr. á ári næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

13. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir, sýslunefndir eða samband þeirra að koma upp sérstökum byggðajafnvægisjóði til starfa í umdæmi sínu, og getur þá Byggðajafnvægisnefnd, ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem byggðajafnvægisjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er Byggðajafnvægisnefndar.

jafnvægisnefnd heimilt að veita honum sem lán eða framlag þá fjárupphæð árlega, sem rétt telst að úthluta á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum Byggðajafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán eða framlag, samþykki hennar til ráðstöfunar þess fjár samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir eða sýslunefndir eða samband sveitar- eða sýslufélaga að skipa sérstaka svæðisáætlunarnefnd til þess að gera áætlun um framkvæmdir á starfssvæði sínu í samræmi við tilgang þessara laga, og er Byggðajafnvægisnefnd þá heimilt að veita slíkri áætlunarnefnd fé úr Byggðajafnvægisjóði til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við áætlunargerðina.

15. gr.

Heimilt er Byggðajafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 5 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt.

16. gr.

Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstjórnin leita álits Byggðajafnvægisnefndar um staðsetningu þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Byggðajafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er samþykkir lög þessi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Byggðajafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga, í samráði við Landnám ríkisins, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregið hafa aftur úr eða yfirvofandi hættu er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi Landnámsins vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans fyrstu þrjú árin eftir gildistöku laga þessara. Framlöggin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að þá sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tíma um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóðinni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, sem að því miður, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Við manntal 1938, árið fyrir heimsstyrjöldina síðari, var mannfjöldinn á öllu landinu 118 888. Hinn 1. des. 1968 var hann 202 191. Fjölgun á 30 árum 83 303 eða rétt um 70%.

Hér fara á eftir manntalstölur í einstökum landshlutum 1938 og 1968, og þar að auki þær manntalstölur, sem fram hefðu komið 1968, ef fólki hefði fjölgað jafnt, þ. e. um 70%, í hverjum landshluta á 30 árum:

	1938	1968	1938 + 70% ca.
Kjalarnesþing (vestan fjalls)	46047	117929	78280
Vesturland sunnan Gilsfjarðar	9683	13191	16461
Vestfirðir	12991	10263	22085
Norðurland	26577	31832	45130
Austurland	10175	11244	17298
Suðurland (austan fjalls)	13415	17922	22906

Þessar tölur sýna hina gífurlegu röskun, sem orðið hefur á jafnvæginu milli landshlutanna á tímabilinu 1938—68. Viðbótin í Kjalarnesþingi umfram eðlilega fólksfjölgun er nál. 40 þús. manns. Af þessum nál. 40 þús. eru rúml. 13 þús. af Norðurlandi, nál. 12 þús. af Vestfjörðum, rúml. 6 þús. af Austurlandi, nál. 5 þús. af Suðurlandi austan fjalls og rúml. 3 þús. af Vesturlandi sunnan Gilsfjarðar. Hér er að sjálfsögðu ekki aðeins um þá að ræða, sem flutt hafa búferlum milli landshluta, heldur einnig afkomendur þeirra, að því leyti sem þeir koma inn í útreikninginn. Í sjö samliggjandi sveitarfélögum, milli Straumsvíkur og Kollafjarðar, sem hagfræðingar kalla Stór-Reykjavík, voru íbúar 1968 taldir 106 842 eða mun meira en helmingur þjóðarinnar, en í öllum öðrum landshlutum samtals var íbúatalan 95 349.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna af mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og koma í veg fyrir, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir. Fleira kemur þó til greina.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregið aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregsáætlunar er fyrir nokkru lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki. Í fleiri löndum eru nú gerðar opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggð utan þeirra.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu,“ sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur umsjón með og að því áttu að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst árið 1957, þá 15 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndir störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Byggðajafnvægis málið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið

rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru á Alþingi 1959—60 og 1960—61 flutt frv. um Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á þingi 1961—62 voru sett lög um Atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarféð skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og hækkandi verðlag, og það fé lagt í sjóðinn ásamt útistandandi lánnum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kaus, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu.

Í lögnum um Atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra fólst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna var gert. Árið 1966 voru þessi lög afnumin og jafnframt sett ný lög um svonefndan Atvinnujöfnunarsjóð. Sú löggjöf var til nokkurra bóta, en gefur fyrst og fremst til kynna, að skilningur sé nú vaxandi á þeirri hættu, sem yfir landsbyggðinni vofir. Er þá mikilvert, að áfram sé haldið sókn í málinu, enda mun ekki af veita, þar sem orkulindum landsins og útlendu stóriðju fjármagni er nú í stórum stíl veitt til stórborgarsvæðisins og ný áforin uppi um sömu þróun á næstu árum. Atvinnujöfnunarsjóður gerir gagn, en betur má, ef duga skal.

Fr. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að koma þurfi á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér þarf að koma til föst landsbyggðar- eða byggðajafnvægisstofnun með starfskröftum, sem geta helgað sig viðfangsefninu. Byggðajafnvægisnefnd verður að afla sér nauðsynlegrar þekkingar á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni. Hér þarf að koma til fjármagn, sem um munar.

Gert er ráð fyrir, að Byggðajafnvægisjóður ríkisins fái til umráða 2% af tekjum ríkissjóðs ár hvert. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1967 hefðu þessar árstekjur sjóðsins það ár orðið um 94 millj. kr., en breytast í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega 2 aurum af hverri krónu til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Hér er um að ræða svipaðan hundraðshluta af ríkistekjum og veittur var til að „bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu“ árið 1957. Rétt er líka að hafa það í huga, að ýmis framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga. Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái lán-tökuheimild allt að 250 millj. kr. á ári í 5 ár, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þau lán, sem sjóðsstjórnin tekur samkv. þeirri heimild, og greiði fyrir útvegum lánsfjár.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og þá m. a. störf Byggðajafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oft, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Byggðajafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanar-

gerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir Byggðajafnvægissjóði ríkisins, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr Byggðajafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi Byggðajafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að Byggðajafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun, og það mál verður ekki leyst á annan hátt. Er áður að því efni vikið. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að sveitarstjórnir eða sýslunefndir eða samband þeirra kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram eða útvega nokkurt fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið fé úr Byggðajafnvægissjóði á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr Byggðajafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða. Í 14. gr. er gert ráð fyrir, að sýslunefndir, sveitarstjórnir eða samband þeirra geti tekið sér fyrir hendur að gera svæðis- eða landshlutaáætlun og fengið til þess fjárhagslegan stuðning hjá sjóðnum.

Algengt er, að komið sé upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs, t. d. með ríkisábyrgð eða ríkisláni. Æskilegt er, að byggðajafnvægisstjórnarmið komi til greina við staðsetningu slíkra fyrirtækja og að fjárhagsleg aðstoð ríkisins sé hverju sinni því skilyrði bundin, að Byggðajafnvægisnefnd hafi látið í ljós álit sitt um möguleika á því að koma staðsetningunni í samræmi við tilgang þessa frv., ef að lögum verður.

Lagt er til, að Framkvæmdasjóður Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir Byggðajafnvægissjóð.

Er tímar líða, kemur til greina að setja með lögum nánari reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frumvarpinu eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum Byggðajafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlán fyrir borgarana. Í öðrum landshlutum mundi Byggðajafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt hól eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Þjörgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina

eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið m. a. í því fölgandi að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá Byggðajafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitt-hvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að byggðajafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Byggðajafnvægisstarfsemin á ekki að vera fölginn í „atvinnuleysisráðstöfunum“ eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu, heldur í því að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugaðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjald-eyrsvöruframléiðslu í þjóðarþúð, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framléiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta oft á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframléiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að Byggðajafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hættu er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Til þess er ætlað, að bráðabirgðaáætlunin sé gerð í samráði við Landnám ríkisins, sem hefur þegar í höndum mikilsverðar upplýsingar á þessu sviði og þar með aðstoðu til að gera sér grein fyrir atvinnuskilyrðum frá náttúrunnar hendi í einstökum byggðarlögum. Lagt er til, að byggðajafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verja til þess allt að þriðjungu af tekjum sjóðsins í þrjú ár. Kæmi til álita að framlengja heimildina. Í ljós kemur, að sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stöðd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan. Í þessu sambandi skal minnt á fjölda fundarsamþykktu um þetta efni, er birtar hafa verið.

Fullvíst má telja, að sveitarstjórnir, sýslunefndir og sambönd sveitarfélaga séu nú reiðubúin til samstarfs við þjóðfélagið til verndar og eflingar landsbyggð og til að afstýra yfirvofandi hættu á eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Í frv. eru ákvæði um afnám laganna um Atvinnujöfnunarsjóð og að Byggðajafnvægisjóður taki við stofnfé hans á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 8. gr., svo og hluta framléiðslugjalds samkv. 9. gr.

Frumvarp svipaðs efnis og það, er hér liggur fyrir, hefur verið flutt í neðri deild á mörgum þingum, 1962—68. Hér er um framtíðarmál að ræða. En kreppuástand það, sem þjóðin á nú við að stríða vegna dýrtíðarvaxtarins innanlands, hlýtur að

minna á þá staðreynd, að of ört stækkandi stórborg í fámennu landi ýtir undir verðbólgu og að blutfallslega jafn vöxtur allrar landsbyggðar hefur áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar í jafnvægisátt.

Þar sem talað er um áætlanir í frv., er ekki átt við svonefndar líkindaáætlanir fyrst og fremst eða almennar hugleiðingar um framtíðarmöguleika, heldur tillögur í áætlunarformi um framkvæmdir og fjármagnsnotkun um lengri eða skemmri tíma, yfirleitt svo að árum skipti.

Litið er á ákvæðin um kosningu Byggðajafnvægisnefndar í 2. gr. sem bráða-birgðaákvæði. Þegar lokið hefur verið stofnun sérsambanda sveitarfélaga í einstökum landshlutum, eins og nú virðist stefnt að, kemur að sjálfsögðu til álita, að þessi sveitarfélagasambönd fái hlutdeild í skipun nefndarinnar eða ráði jafnvel mestu um nefndarskipunina.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Endanlegar tölur mannfjöldans 1. des. 1968.

Landið í heild og kaupstaðir.				Sýslur og hreppar (framh.).			
	Karlar	Konur	Alls		Karlar	Konur	Alls
Allt landið	102 221	99 970	202 191	Kjósarsýsla	1 804	1 690	3 494
Reykjavík	39 535	41 491	81 026	Seltjarnarnes	1 027	1 013	2 040
Kaupst. ÷ Rvík	28 910	28 365	57 275	Mosfells	525	459	984
Sýslur alls	33 776	30 114	63 890	Kjalarnes	115	98	213
				Kjósar	137	120	257
Kópavogur	5 501	5 386	10 887	Borgarfjarðarsýsla .	784	663	1 447
Hafnarfjörður .	4 697	4 637	9 334	Hvalfj.strandar	114	77	191
Keflavík	2 780	2 720	5 500	Skilmanna	70	56	126
Akranes	2 111	2 103	4 214	Innri-Akranes	64	62	126
Ísafjörður	1 385	1 314	2 699	Leirár- og Mela	82	73	155
Sauðárkrókur .	725	721	1 446	Andakils	131	116	247
Siglufjörður ...	1 147	1 174	2 321	Skorradals	41	30	71
Ólafsfjörður ...	542	521	1 063	Lundarreykjadals .	65	49	114
Akureyri	5 103	5 252	10 355	Reykholtisdals	162	154	316
Húsavík	1 024	922	1 946	Hálsa	55	46	101
Seyðisfjörður ..	481	459	940	Mýrasýsla	1 109	1 008	2 117
Neskaupstaður .	817	719	1 536	Hvítársíðu	61	51	112
Vestmannaeyjar	2 597	2 437	5 034	Þverárhliðar	55	40	95
				Norðurárdals	60	61	121
				Stafholtstungna ...	128	102	230
				Borgar	94	89	183
				Borgarnes	565	535	1 100
				Álftanes	75	70	145
				Hraun	71	60	131
				Snæfellsnessýsla ...	2 238	2 001	4 239
				Kolbeinsstaða	77	61	138
				Eyja	49	41	90
				Miklaholts	78	84	162

Sýslur og hreppar.			
	Karlar	Konur	Alls
Gullbringusýsla ...	3 893	3 615	7 508
Grindavíkur	541	493	1 034
Hafna	101	74	175
Miðnes	523	502	1 025
Gerða	335	276	611
Njarðvíkur	782	733	1 515
Vatnsleysustrandar	220	177	397
Garða	1 279	1 260	2 539
Bessastaða	112	100	212

Sýslur og hreppar (framh.).				Sýslur og hreppar (framh.).			
	Karlar	Konur	Alls		Karlar	Konur	Alls
Staðarsveit	95	72	167	Strandasýsla	743	607	1 350
Breiðuvíkur	74	54	128	Árnes	127	98	225
Nes	297	277	574	Kaldrananes	141	110	251
Ólafsvíkur	522	462	984	Hrófbergs	40	21	61
Fróðár	20	12	32	Hólmavíkur	188	162	350
Eyrarsveit	377	328	705	Kirkjubóls	57	40	97
Helgafellssveit	62	46	108	Fells	37	33	70
Stykkishólms	535	519	1 054	Óspakseyrar	34	31	65
Skógarstrandar	52	45	97	Bæjar	119	112	231
Dalasýsla	614	560	1 174	V-Húnavatnssýsla .	732	659	1 391
Hörðudals	35	33	68	Staðar	78	72	150
Miðdala	86	78	168	Fremri-Torfustaða	67	49	116
Haukadals	52	46	98	Ytri-Torfustaða ...	122	101	223
Laxárdals	172	163	335	Hvammstanga	169	162	331
Hvammss	59	51	110	Kirkjuhvamms	109	91	200
Fellsstrandar	45	42	87	Þverár	82	82	164
Klofnings	19	18	37	Þorkelshóls	105	102	207
Skarðs	42	41	83	A-Húnavatnssýsla .	1 227	1 083	2 310
Saurbæjar	104	88	192	Ás	82	77	159
A-Barðastr.sýsla ...	267	207	474	Sveinsstaða	72	71	143
Geiradals	72	51	123	Torfalækjar	80	72	152
Reykhóla	109	90	199	Blönduós	357	319	676
Gufudals	35	32	67	Svínavatns	88	75	163
Múla	21	13	34	Bólstaðarhlíðar ...	106	95	201
Flateyjar	30	21	51	Engihlíðar	63	61	124
V-Barðastr.sýsla. ...	1 089	933	2 022	Vindhælis	48	39	87
Barðastrandar	105	87	192	Höfða	273	230	503
Rauðasands	78	45	123	Skaga	58	44	102
Patreks	532	499	1 031	Skagafjarðarsýsla .	1 351	1 157	2 508
Tálknafjarðar	139	112	251	Skefilsstaða	41	38	79
Ketildala	23	15	38	Skarðs	61	45	106
Suðurfjarða	212	175	387	Staðar	81	74	155
V-Ísafjarðarsýsla ..	909	849	1 758	Seilu	131	112	243
Auðkúlu	25	22	47	Lýtingsstaða	187	148	335
Þingeyrar	234	205	439	Akra	177	180	357
Mýra	86	87	173	Rípur	67	64	131
Mosvalla	55	49	104	Viðvíkur	49	42	91
Flateyrar	255	229	484	Hóla	89	74	163
Suðureyrar	254	257	511	Hofs	136	103	239
N-Ísafjarðarsýsla ..	1 046	904	1 950	Hofsós	154	134	288
Hóls	515	431	946	Fells	29	30	59
Eyrar	202	207	409	Haganes	69	61	130
Súðavíkur	140	125	265	Hólts	80	52	132
Ógur	51	35	86	Eyjafjarðarsýsla ..	2 013	1 843	3 856
Reykjarfjarðar	62	54	116	Grimseyjar	46	40	86
Nauteyrar	48	35	83	Svarfaðardals	174	175	349
Snæfjalla	28	17	45	Dalvíkur	531	498	1 029

Sýslur og hreppar (framh.).				Sýslur og hreppar (framh.).			
	Karlar	Konur	Alls		Karlar	Konur	Alls
Hriseyjar	136	160	296	Mjóafjarðar	27	26	53
Árskógs	182	156	338	Norðfjarðar	68	52	120
Arnarnes	147	118	265	Helgustaða	35	15	50
Skriðu	84	82	166	Eskifjarðar	467	445	912
Öxnadals	51	35	86	Reyðarfjarðar	346	300	646
Glæsibæjar	137	127	264	Fáskrúðsfjarðar ...	104	102	206
Hrafnagils	142	129	271	Búða	371	342	713
Saurbæjar	166	141	307	Stöðvar	127	107	234
Öngulstaða	217	182	399	Breiðdals	174	157	331
S-Pingeyjarsýsla ..	1 481	1 336	2 817	Berunes	71	53	124
Svalbarðsstrandar .	125	112	237	Búlands	166	152	318
Grytubakka	196	160	356	Geithellna	56	53	109
Flateyjar	4	3	7	A-Skaftafellssýsla .	798	708	1 506
Háls	128	124	252	Bæjar	42	52	94
Ljósavatns	168	136	304	Nesja	110	98	208
Bárðdæla	102	82	184	Hafnar	433	390	823
Skútustaða	221	227	448	Mýra	62	51	113
Reykðæla	219	200	419	Borgarhafnar	80	55	135
Aðaldæla	209	182	391	Hofs	71	62	133
Reykja	55	49	104	V-Skaftafellssýsla .	749	646	1 395
Tjörnnes	54	61	115	Hörgslands	118	102	220
N-Pingeyjarsýsla ..	969	850	1 819	Kirkjubæjar	125	95	220
Keldunes	114	115	229	Skaftártungu	54	51	105
Öxarfjarðar	97	67	164	Leiðvallar	48	38	86
Fjalla	14	11	25	Álftavers	36	28	64
Presthóla	152	123	275	Hvamnis	268	254	522
Raufarhafnar	240	219	459	Dyrhóla	100	78	178
Svalbarðs	99	71	170	Rangárvallasýsla ..	1 678	1 499	3 177
Þórshafnar	215	214	429	Austur-Eyjafjalla ..	141	116	257
Sauðanes	38	30	68	Vestur-Eyjafjalla ..	160	122	282
N-Múlasýsla	1 265	1 039	2 304	Austur-Landeyja ..	95	85	180
Skeggjastaða	80	58	138	Vestur-Landeyja ..	97	99	196
Vopnafjarðar	433	373	806	Fljótshlíðar	182	169	351
Hlíðar	82	84	166	Hvol	224	194	418
Jökuldals	110	75	185	Rangárvalla	309	259	568
Fljótsdals	109	92	201	Landmanna	73	63	136
Fella	99	81	180	Holta	153	145	298
Tungu	82	60	142	Ása	73	85	158
Hjaltastaðar	71	74	145	Djúpár	171	162	333
Borgarfjarðar	169	124	293	Árnessýsla	4 399	3 917	8 316
Loðmundarfjarðar .	2	—	2	Gaulverjabæjar	126	115	241
Seyðisfjarðar	28	18	46	Stokkseyrar	244	241	485
S-Múlasýsla	2 618	2 340	4 958	Eyrarbakka	249	257	506
Skriðdals	73	73	146	Sandvíkur	80	59	139
Valla	98	91	189	Selfoss	1 212	1 193	2 405
Egilsstaða	338	292	630	Hraungerðis	137	86	223
Eiða	97	80	177	Villingaholts	123	98	221

Sýslur og hreppar (framh.)	Karlur Konur		Alls
	Karlur	Konur	
Skeiða	143	120	263
Gnúpverja	297	199	496
Hrunamanna	261	199	460
Biskupstungna	288	196	484
Laugardals	136	105	241
Grímsnes	163	139	302
Þingvalla	32	20	52
Grafnings	35	31	66
Hveragerðis	394	419	813
Ölfus	463	430	893
Selvogs	16	10	26

Íbúatala þéttbýlisstaða annarra en kaupstaða 1. des. 1968.

Heiti á kaupstúnum, sem notuð voru í mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar fyrir 1/12 1967, eru hér tilgreind í sviga.

(Merkið * þýðir, að íbúatala þéttbýlisstaðar og hrepps sé ein og hin sama.)

Grindavík, Grindavíkurhr.*	1 034
Hafnir, Hafnahr.	154
Sandgerði. Miðneshr.	886
Gerðar, Gerðahr.*	611
Njarðvíkur, Njarðvíkurhr.*	1 515
Vogar, Vatnsleysustrandarhr.	249
Garðakauptún, Garðahr.*	2 539
Seltjarnarnes, Seltjarnarneshr.*	2 040
Hlíðartún (Lágafellshverfi), Mosfellsshr.	140
Varmár- og Álafosshverfi, Mosfhr.	325
Reykjahverfi, Mosfellsshr.	241
Miðsandur, Hvalfjarðarstr.hr.	30
Borgarnes, Borgarneshr.*	1 100
Hellissandur, Neshr.	509
Rif, Neshr.	65
Ólafsvík, Ólafsvíkurhr.*	984
Grundarfjörður (Grafarnes), Eyrarsveit	571
Stykkishólmur, Stykkishólmsshr.*	1 054
Búðardalur, Laxárdalshr.	183
Patreksfjörður, Patreksshr.*	1 031
Tálknafjörður (Tunguþorp), Tálknafjarðarhr.	178
Bildudalur, Suðurfjarðahr.*	335
Þingeyri, Þingeyrarhr.	370
Flateyri, Flateyrarhr.*	484
Suðureyri, Suðureyrarhr.	461
Bolungarvík, Hólshr.*	946
Hnífsdalur, Eyrarhr.	334

Súðavík, Súðavíkurhr.	208
Djúpavík, Árneshr.	31
Dranganes, Kaldrananeshr.	101
Hólmavík, Hólmavíkurhr.*	350
Borðeyri, Bæjarhr.	41
Hvammstangi, Hvammstangahr.*	331
Blönduós, Blönduóshr.*	676
Skagaströnd, Höfðahr.*	503
Varmahlíð, Seiúhr.	61
Hofsós, Hofsóshr.*	288
Grimsey, Grimseyjarhr.*	86
Dalvík, Dalvíkurhr.*	1 029
Hrísey, Hríseyjarhr.*	296
Litli Árskógssandur, Árskógshr.	80
Hauganes, Árskógshr.	120
Hjalteyri, Arnarneshr.	72
Svalbarðseyri, Svalbarðsstr.hr.	74
Grenivík, Grýtubakkahr.	164
Reykjahlíð, Skútustaðahr.	106
Kópasker, Presthólahr.	84
Raufarhöfn, Raufarhafnarhr.*	459
Þórshöfn, Þórshafnarhr.*	429
Bakkafjörður (Höfn í Bakkafirði), Skeggjastaðahr.	57
Vopnafjörður, Vopnafjarðarhr.	510
Borgarfjörður eystra (Bakkagerði), Borgarfjarðarhr.	148
Egilsstaðir, Egilsstaðahr.*	630
Eskifjörður, Eskifjarðarhr.*	912
Reyðarfjörður, (Búðareyri), Reyðarfjarðarhr.	570
Fáskrúðsfjörður (Búðir), Búðahr.*	713
Stöðvarfjörður (Kirkjubólsporp), Stöðvarhr.	216
Breiðdalsvík (Þverhamarsþorp), Breiðdalshr.	150
Djúpivogur, Búlandshr.*	318
Höfn í Hornafirði, Hafnarhr.*	823
Kirkjubæjarklaustur, Kirkjubæjarhreppi	48
Vík í Mýrdal, Hvammsshr.	369
Hvolsvöllur, Hvolhr.	216
Hella, Rangárvallahr.	333
Stokkseyri, Stokkseyrarhr.	395
Eyrbakki, Eyrbakkahr.*	506
Selfoss, Selfosshr.	2 405
Búrfell, Gnúpverjahr.	231
Laugarvatn, Laugardalshr.	130
Írafoss og Ljósafoss, Grímsnesshr.	87
Hveragerði, Hveragerðishr.*	813
Þorlákshöfn, Ölfushr.	467

Þéttbýlisstaðir alls 35 005